


UPPHAFSTÓNLEIKAR

Vladimír Ashkenazy, hljómsveitarstjóri
Vovka Stefán Ashkenazy, einleikari



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2009/10





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Tónleikar föstudaginn 4. september kl. 19:30

Vladimir Ashkenazy, hljómsveitarstjóri
Vovka Stefán Ashkenazy, einleikari

UPPHAFSTÓNLEIKAR

Franz Schubert / úts. Liszt **Wanderer-fantasía í C-dúr, D. 760**
*Allegro con fuoco, ma non troppo –
Adagio –
Presto –
Allegro*

Hlé

Pjotr Tsjaikovskíj **Manfreð, sínfónía í h-moll op. 58**
*Lento lugubre – Moderato con moto
Vivace con spirito
Andante con moto
Allegro con fuoco*



RÁS 1

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu
á Rás 1 og síðan aðgengilegir í fjórar
vikur á www.ruv.is

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum á
meðan tónleikum stendur.

aðalstyrktaraðilar

BORGUN


Morgunblaðið

VLADIMIR Á ÍSLANDI:

Vladimir Ashkenazy kom fyrst fram með *Sí í Háskólabíói 4. júní 1964* og lék þá tvo píanókonsertra, nr. 1 eftir Beethoven og nr. 3 eftir Rakmaninoff. Ashkenazy stjórnaði *Sí* í fyrsta sinn í desember 1971, í sinfóníu nr. 6 eftir Tsjajkovskíj og píanókonsertri nr. 2 eftir Chopin með Daniel Barenboim við flygilinn.

VLADIMIR ASHKENAZY

Hljómsveitarstjóri



Vladimir Ashkenazy er óumdeilanlega frægastur íslenskra ríkisborgara í klassíska tónlistarheiminum. Hvarvetna á byggðu bóli bera menn óblandna virðingu fyrir umfangsmiklu starfi hans og djúphugulu viðhorfi til tónlistarinnar. Í ríflega hálfra öld hefur hann verið í hópi fremstu hljóðfæraleikara heims, eða allt frá því hann hreppti 2. verðlaun í Chopin-keppninni í Varsjá 1955 og fyrstu verðlaun í Queen Elizabeth-keppninni í Brüssel ári síðar.

Undanfarna áratugi hefur orðstír Ashkenazys sem hljómsveitarstjóra stöðugt vaxið, eða allt frá því að hann steig sín fyrstu skref á þeirri braut með Sinfóníuhljómsveit Íslands snemma á áttunda áratugnum. Hann hefur verið aðalstjórnandi hjá virtum hljómsveitum á borð við Konunglegu fílharmóníu-

sveitina í London og Tékknesku fílharmóníusveitina. Fyrr á þessu ári tók Ashkenazy við stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitarinnar í Sídney í Ástralíu, en hann hefur auk þess unnið með flestum frægustu hljómsveitum heims sem gestastjórnandi.

Ashkenazy á einkar glæsilegan feril að baki í hljóðverinu. Hann hefur hljóðritað flest höfuðverk píanóbókmenntanna, og meðal nýjustu hljóðritana hans eru prelúdíur og fúgur Sjostakovitsj, og Diabelli-tilbrigði Beethovens. Kammertónlist er einnig áberandi á útgáfulista hans og ekki síður fjölmargar hljómsveitarupptökur, m.a. heildarútgáfur á sinfóníum Prokofievs, Sibelíusar og Rakmaninoffs. Þegar á allt er litið er óhætt að fullyrða að fáir tónlistarmenn hafi gefið út jafn margar og rómaðar hljómplötur.

Í janúar 2001 stjórnaði Vladimir Ashkenazy Sinfóníuhljómsveit Íslands á ný eftir nokkurt hlé. Ári síðar var hann gerður að heiðursstjórnanda hljómsveitarinnar og hefur síðan snúið aftur á hverju starfsári og stjórnað meistaraverkum tónbókmenntanna, m.a. *Draumi Gerontíusar* eftir Elgar, *Stríðssálumessu* Britten, 9. sinfóníu Mahlers og *Missa solemnis* eftir Beethoven.

VOVKA Á ÍSLANDI:

Vovka Ashkenazy hélt sinn fyrsta stóra konsert á Íslandi með hljómsveitinni Fílharmóníu í Laugardalshöll í júní 1984, og lék þá 1. píanókonsernt Tsjajkovskíjs undir stjórn föður síns. Hann hélt einleikstónleika á vegum Tónlistarfélagssins í Austurbæjarbíói árið 1986 og hefur síðan komið margoft fram hér á landi, m.a. með *Sí*, *Bílasarakvintett* Reykjavíkur og á tónlistarhátíðinni Við Djúpið á Ísafirði, en hann er stjórnarformaður hátíðarinnar.

VOVKA ASHKENAZY

Einleikari



Vovka Ashkenazy fæddist í Moskvu en ólst upp að mestu á Íslandi og Englandi. Hann hóf píanónám hjá Rögnvaldi Sigurjónssyni sex ára gamall og tíu árum síðar hélt hann til Englands þar sem hann nam hjá Sulamita Aronovsky við Royal Northern College of Music í Manchester. Þá sótti hann einnig tíma hjá Peter Frankl og Leon Fleisher. Vovka er nú búsettur í Sviss.

Vovka debúteraði í Lundúnum í Barbican Centre árið 1983 ásamt Lundúnasinfóníu og hefur síðan leikið um allan heim og komið fram á frægustu hátíðum heims, m.a. í Edinborg og Spoleto. Hann hefur leikið einleik með Fílharmóníuhljómsveitinni í Los Angeles, Sinfóníuhljómsveitinni í Berlín og fjölmörgum öðrum, auk þess sem

hann leikur gjarnan kammertónlist, m.a. með bróður sínum Dmitri. Hann hefur auk þess hljóðritað með föður sínum, m.a. tónlist fyrir tvö píanó eftir Rakmaninoff árið 2002, og nú er nýkominn á markað geisladiskur með þeim feðgum þar sem þeir leika franska píanótónlist.

Minnið um ferðalanginn, einfarann sem segir skilið við ys og þys borgarlífsins og heldur burt í sveitina til að finna langþráðan frið, var vinsælt yrkisefni listamanna á 19. öld. Málverkið vinsæla *Göngumaður í þokudal* eftir Caspar David Friedrich er dæmigert fyrir tíðarandann og sama má segja um ófáar ljóðlínurnar sem Franz Schubert tónsetti á sinni stuttu ævi. Tónverkin tvö sem hljóma á tónleikum kvöldsins byggja bæði á minninu um ferðalanginn þótt með ólíkum hætti sé.

Það er líklega engin tilviljun að Franz Schubert (1797–1828) hóf að semja C-dúr fantasíu sína fyrir píanó einmitt um sama leyti og hann lagði símfóníuna í h-moll frá sér ókláraða og hafði þá aðeins fest tvo þætti hennar á blað eins og frægt er orðið. Í ófullgerðu símfóníunni fetaði hann hefðbundnar brautir hvað formið snertir og hafði kaflana aðskilda eins og lög gerðu ráð fyrir. Í píanófantasíunni bryddar hann upp á nýjung sem síðar átti eftir að hafa víðtæk áhrif. Hér tekst hann á við fjögurra þátta formið á öðrum forsendum en áður; rytmi upphafstaktanna er fræið sem tónlistin öll sprettur af og hver kaflinn tekur við af öðrum, hvíldarlaust.

Upphafíð er kraftmikil og glæsilegt; hér minna bæði rytmi og tóntegund óneitanlega nokkuð á *Waldstein*-sónötu Beethovens. Smám saman hægist á tempóinu og við tekur kyrrlátt Adagio í cís-moll, tilfinningaleg þungamiðja verksins. Úr upphafsrytmanum sendurteknum vex fagurt stef sem Schubert hafði áður notað í sönglaginu *Der Wanderer* frá árinu 1816, og sem hefur síðan gefið verkinu nafn. Ljóðið er eftir skáldið og kaupmanninn Georg Philipp Schmidt von Lübeck og er dapurlegt í meira lagi. Ljóðmælandinn er kominn af fjöllum niður í dal en finnst hann hvergi eiga heima; „Ich bin ein Fremdling überall.“ Hann leitar í örvæntingu að heimaslóð en jatar að lokum að gæfan sé honum ekki hliðholl: „Dort, wo du nicht bist, dort ist das Glück (Þar sem þú ert ekki, þar er hamingjan).“

Að hæga þættinum loknum tekur við valskennt scherzó í dæmigerðum Vínarstíl og kraftmikill lokaþáttur með fúgu. Jafnvel í framsæknustu verkum sínum gleymdu tónskáld rómantísku aldarinnar ekki að líta um öxl og heidra gamla Bach. Schubert var enginn virtúós og sagt er að þegar hann flutti verkið í fyrsta sinn fyrir nokkra vini sína hafi honum fatast flugið í lokaþættinum. „Æ, best að láta djöfulinn sjálfan um að spila þetta,“ sagði hann öngur um leið og hann gekk frá hljóðfærinu.

Segja má að Schubert hafi verið forspár, því að enginn jafnaðist á við Franz Liszt þegar kom að djöfullegum píanóslætti. Þó ákvað sá síðarnefndi að láta af öllu tónleikahaldi aðeins þrjátíu og sex ára gamall og beindi kröftum sínum þess í stað að tónsmíðum og hljómsveitarstjórn. Leiðir tónskáldanna lágu aldrei saman þótt báðir

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Anna Áslaug Ragnarsdóttir lék *Wanderer-fantasíuna* með SÍ í febrúar 1978 en hún hefur hljómað mun oftar á tónleikum í upphaflegu gerðinni fyrir einleikspíanó. Rudolf Serkin lék hana í Gamla bíói árið 1946, Ann Schein í Austurbæjarbíói 1962, Andrés Schiff í Íslensku óperunni 1996 og Víkingur Heiðar Ólafsson í Salnum 2005, svo að nokkrir séu nefndir.

hafi þeir verið búsettir í Vínarborg síðasta árið sem Schubert lifði. Liszt var einlægur aðdáandi nafna síns, setti ótal sönglög hans út fyrir einleikspíanó og lék þau óspart á tónleikum. Þannig átti hann stóran þátt í að breiða út tónlist Schuberts sem á sinni tíð hafði aldrei náð teljandi vinsældum.

Af öllum verkum sönglagasmiðsins hafði Liszt mestar mætur á *Wanderer-fantasíunni*. Það var raunar svo að segja eina einleiksverk Schuberts fyrir píanó sem Liszt lék opinberlega – hann hafði lítinn áhuga á sönötunum, eins ótrúlegt og það nú virðist – og um 1850 útsetti hann fantasíuna fyrir píanó og hljómsveit. Þótt píanóskrifin í frumgerðinni beri óneitanlega virtúósiskari blæ en gerist og gengur í einleiksmúsík Schuberts var það ekki síður formið sem heillaði, því að sjálfur var Liszt einn helsti talsmaður hins heildræna forms sem Schubert hafði spreytt sig á með fantasíunni: fjórir þættir í einum, þar sem unnið með eitt grunnstef sem tekur sífelldum breytingum. Sónata Liszts í h-moll og píanókonserter hans báðir hefðu tæpast orðið til hefði höfundurinn ekki þekkt *Wanderer-fantasíu* Schuberts í þaula. Þótt hljómsveitarútsetning síðastnefnda verksins bæti í sjálfu sér litlu við er hún á sinn hátt hugnæmur virðingargvottur eins tónsnillings til annars.

George Byron lávarður var eitt áhrifamesta skáld 19. aldarinnar og stormasöm ævi hans vakti aðdáun listamanna víða um álfuna ekki síður en skáldverk hans. Hann átti í ástarævintýrum bæði með konum og körlum, ferðaðist um álfuna þvera og endilanga, lærði framandi tungumál og barðist með Grikkjum í frelsisstríði þeirra við Tyrkland. Ein bresk ástkona Byrons, lafði Caroline Lamb, lýsti honum þannig að hann væri „mad, bad, and dangerous to know“. Hector Berlioz sótti innblástur í skáldskap Byrons þegar hann samdi bæði forleikinn *Le corsaire* og víólukonsertinn *Harald á Ítalíu*, og Robert Schumann samdi leikhústónlist við *Manfred* árið 1849. Þetta hádramatíska leikrit í ljóðformi varð síðan Pjotr Tsjajkovskíj (1840–1893) yrkisefni í símfóníu 1885. Þá var hann á hátindi ferils síns, hafði þegar samið fjórar símfóníur, naut fjárhagslegs stuðnings hinnar sérlunduðu Nadezhdu von Meck og hafði náð sér á strík eftir misheppnað hjónaband sem dró nærri úr honum allan lífsvilja.

Það var konsertinn *Haraldur á Ítalíu* eftir Berlioz sem olli því að Tsjajkovskí samdi símfóníu sína, með krókaleiðum þó. Þegar Vladimir Stasov, áhrifamikill tónlistarmaður

á sinni tíð, heyrði verkið veturinn 1867 hreifst hann svo af því að hann lagði til við tónskáldið Mily Balakírev að hann semdi tónverk út frá leikritinu um Manfred. Balakírev dró í efa að hann væri rétti maðurinn til þess arna og gaukaði hugmyndinni aftur að Berlioz, sem var orðinn aldraður og vísaði öllu frá sér. Síðan liðu fimmtán ár þar til Balakírev – sem hafði í millitíðinni verið hvatamaðurinn að því að Tsjajkovskíj tók sér fyrir hendur að semja forleikinn við *Rómeó og Júlu* og tónaljóðið *Francesca da Rimini* – tók þráðinn upp á ný. „*Francesca da Rimini* færir mér heim sanninn um að þú getir ráðist í slíkt verk – auðvitað að því tilskildu að þú leggir hart að þér og sért gagnrýninn á eigin verk.“ Þetta var árið 1882, en Tsjajkovskíj átti ekki eintak af leikritinu og þótti lítið til hugmyndarinnar koma.

Tveimur árum síðar áttu þeir Tsjajkovskíj og Balakírev fund í Moskvu og aftur varð Manfred að umræðuefni. Það vekur litla furðu að fyrrnefnda tónskáldið hafi hrifist af sögunni þegar hann hafði kynnt sér efni hennar á annað borð. Manfred var utangarðsmaður rétt eins og Byron og ekki síður Tsjajkovskíj, sem fann sig illa í þjóðfélagi 19. aldarinnar þar sem lífsmynstri fólks voru settar þröngar skorður. Tsjajkovskíj hóf tónsmíðarnar vorið 1885 og um haustið var verkið fullgert. Eins og oft áður átti hann erfitt með að meta gæði eigin verka og var á báðum áttum með nýju símfóníuna. Ári eftir frumflutninginn var hún „besta verk mitt“, en tveimur árum síðar hafði hann allt á hornum sér og vildi helst brenna nóturnar.

Símfónían er í fjórum þáttum og hver þeirra segir sína sögu. Í þeim fyrsta er Manfred staddur í kastala sínum við rætur Alpafjalla. Þangað hefur hann leitað athvarfs í örvæntingu sinni; ástkona hans, Astarte, hefur látið lífið á dularfullan hátt og honum þykir lífið einskis virði. Tónlist Tsjajkovskíjs verður stöðugt átakameiri eftir því sem ólgandi tilfinningar Manfreds leita upp á yfirborðið. Hann kallar sjö anda á sinn fund og einn þeirra tekur á sig mynd hinnar látnu Astarte. Þegar Manfred sér ímynd hennar hnígur hann niður örmagna við kröftuga og áhrifamikla hljóma.

Annar þáttur segir frá því þegar Alpanornin kemur til fundar við Manfred. Hún birtist honum sem regnbogi við fjallafoss og býður honum ævarandi hamingju en Manfred ákveður að halda áfram sinni þjáningarfullu göngu. Tónlistin geislar aflífi og fjöri þar sem dísin leikur sér í fossúðanum, og hljómveitarútsetningin er einstök, með litríkum hörpuslætti. Það er lítið um grípandi laglínur sem slíkar fyrr en um miðpunkt kaflans, en þeim mun meiri áhersla lögð á töfraheim fjalladýrðarinnar.

Þriðji þáttur er sveitadans, eins konar *siciliano* í bland við hornablástur veiðimanna og fjöruga bændadansa. Söguhetjan er þó söm við sig og af og til heyrast dramatískir, ólgandi kaflar sem eiga að sýna sálarkvöl Manfreds. Undir lokin heyrast þrjú stutt

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Símfóníuhljómveit Íslands hefur aðeins einu sinni áður leikið Manfred-símfóníuna, á tónleikum í Háskólabíói í janúar 1974 undir stjórn Ashkenazys.

veiðiköll – flauta, óbó og klarínnett – og friðsæll strengjahljómurinn verður að engu.

Lokakaffinn hefst í vítishelli Arimanesar, sem er illur andi og birtist sem brennandi eldhöttur. Hann kallar fram anda ástkonnar Astarte, sem boðar dauða söguhetjunnar. Líkt og í fantasíu Schuberts er barokkið ekki langt undan og gildir einu þótt örlög Manfreds hangi nú á bláþræði; þótt fúgan sé kröftug virðist hún fremur sérkennilegt innskot á svo dramatískri stundu í sögunni. Hér tengir Tsjajkovskíj líka saman upphaf og enda; aðalstef fyrsta þáttar snýr aftur undir lokin enda hafði tónskáldið ýmislegt lært af prógrammtónskáldum „nýþýska skólans“ með Liszt í fararbroddi. Að lokum uppgötva djöflarnir að Manfred er þeirra á meðal og í þann mund sem hann gefur upp öndina heyrast völdugt sálmalag í þýskum stíl með orgeli. Að lokum deyr allt út og örend söguhetjan er kvödd með lágværum hljómi blásaranna.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

Á DÖFINNI



Sergio Tiempo

Þeir sem hafa yndi af rússneskri tónlist í hæsta gæðaflokki mega ekki missa af fyrstu rauðu áskriftartónleikum starfsársins, fimmtudaginn 10. september kl. 19.30. Þar leikur argentínski píanóleikarinn Sergio Tiempo einleik í hinum sívinsæla píanókonert nr. 1 eftir Tsjajkovskíj og Rumon Gamba stýrir flutningi á 5. símfóníu Prokofíevs. Tiempo þykir frábær píanisti og um nýjasta geisladisk hans, þar sem hann leikur tónlist eftir Ravel og Chopin, sagði einn gagnrýnandi: „Það er hreinasta kraftaverk að hægt sé að leika svo vel á píanó.“ Á undan tónleikunum stendur Vínafélag SÍ fyrir kynningu í safnaðarheimili Neskirkju þar sem Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur kynnir dagskrána í orði og tónum. Kynningin hefst kl. 18 og hægt er að gæða sér á ljúffengri súpu sem kostar 1500 kr.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 4. SEPTEMBER 2009

1. fiðla

Guðný Guðmundsdóttir
Andrzej Kleina
Pálína Árnadóttir
Bryndís Pálsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Martin Frewer
Olga Björk Ólafsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Sigríður Hrafnkelsdóttir
Zbigniew Dubik
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Greta Guðnadóttir
Ari Þór Vilhjálmsson
Christian Diethard
Dóra Björgvinsdóttir
Joanna Koziura
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Mark Reedman
Ólöf Þorvarðsdóttir
Roland Hartwell
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross

Vióla

Helga Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Eyjólfur Alfreðsson
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdis Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Svava Bernharðsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir
Þórarinn Már Baldursson

Selló

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Inga Rós Ingólfssdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson

Bassi

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarinett

Einar Jóhannesson
Sigurður I. Snorrason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Brjánn Ingason

Horn

Joseph Ognibene

Emil Friðfinnsson

Stefán Jón Bernharðsson
Porkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir

Trompet

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinnsson

Básúna

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
Jessica Buzbee
David Bobroff

Túba

Tim Buzbee

Harpa

Katie Buckley
Monika Abendroth

Harmónium

Anna Guðný Guðmundsdóttir

Pákur

Eggert Pálsson

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson
Matthias Hemstock

Sónata í A fyrir bragðlaukana

*Komdu á Skrúður áður en
þú ferð á tónleikana
og kvöldið verður ógleymanlegt.*



Skrúður
bistro • restaurant • bar

Hótel Sögu / S: 525 9970 / www.skrudur.is

samstarfsaðilar


LITRÓF-HAGPRENT


EXTON
LIÓS / HLÍÐ / MYND



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Snilld í áskrift!

KORTASALA

Sala áskrifta er hafin. Hafðu samband í síma 545 2500 og tryggðu þér besta sætið með ríflegum afslætti. Verðið er óbreytt frá síðasta starfsári.

Rauða röðin » Stór hljómsveitarverk

Gula röðin » Rómantískir snillingar og magnaðir einleikarar

Græna röðin » Vinsæl klassík

Regnbogakort » Fast sæti á tónleika að eigin vali

Litli tónsprotinn » Tónlistarveisla fyrir alla fjölskylduna

Kynntu þér fjölbreytta efnisskrá á www.sinfonia.is



AÐALSTYRKARADILAR

BORGUN

Morgunblaðið